

Nd.

132. Frumvarp til laga

[101. mál]

um Lánasjóð fyrir íslenska námsmenn erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við Menntamálaráð Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið Lánasjóður fyrir íslenska námsmenn erlendis. Skal sjóðnum varið til þess að veita námslán þeim námsmönnum, er stunda nám erlendis og eigi geta af eigin rammleik kostað námið.

2. gr.

Tekjur sjóðsins séu einn þriðji hluti af fjárveitingu þeirri, er hverju sinni er veitt á fjárlögum til styrktar íslenskum námsmönnum erlendis.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: einum tilnefndum af háskólaráði, einum af menntamálaráði og einum af menntamálaráðuneytinu og sé hann formaður stjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir tvö fyrstu árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

4. gr.

Meiri hluti sjóðsstjórnar ákveður um lánveitingar úr sjóðnum, en leita skal um þær álits menntamálaráðs, og skulu þeir námsmenn ganga fyrir, sem eru að ljúka námi.

Lán má því aðeins veita að upplýst sé, að lántakandi stundi vel nám sitt.

Við lánveitingar ber auk efnahags nemenda að taka tillit til mismunandi náms- og dvalarkostnaðar í lönnum þar sem námsmenn dvelja.

Lánin eru bundin því skilyrði, að þeir, sem þau hljóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella fellur lánið allt þegar í gjalddaga.

5. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt gegn þeim tryggingum, er sjóðsstjórnin metur gildar.

6. gr.

Bókhald, innheimta og eftirlit með greiðslum skal vera í höndum skrifstofu menntamálaráðs. Reikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um vexti, lánstíma o. fl.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fé það, sem Menntamálaráð úthlutar námsmönnum, hefur verið greitt sem styrkur þangað til á þessu ári að nokkuð af framlagi Alþingis til íslenskra námsmanna erlendis var veitt sem lán. Með frv. þessu er stefnt að því, að lögbinda þá stefnu, að hluti af því fé, sem ríkissjóður leggur fram til íslenskra námsmanna erlendis endurgreiði þeir að námi loknu með lágum vöxtum á mörgum árum eftir nánari ákvæðum, sem sett yrðu í reglugerð. Með þessum hætti myndast með tímanum sjóður, sem ætti að geta orðið ómetanlegur styrkur í framtíðinni þeim námsmönnum, sem verða að stunda nám erlendis.